



FLJÓTSDALSHREPPUR

Fundargerð

Íbúafundur í Fljótsdal 21. nóv. 2024

Fundargerð ritaði Kjartan Glúmur Kjartansson

Mættir voru um 20 manns.

Fundur hófst kl 17.00. Lárus Heiðarsson oddviti stýrði fundi og bauð Ingvar Rafn Stefánsson frá Deloitte velkominn.

Ingvar Rafn kynnti fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 ásamt þriggja ára áætlun 2026-2028. Fór til dæmis yfir fjármálareglur sveitarfélaga. Engar gjaldskrárhækkanir nema 9,5 prósent sorp og rotþróargjald í kjölfar breytinga á lögum.

Áhugi á að koma byggðarkjarna af stað og hugmyndir um að byggja parhús og koma verkefninu af stað á næsta ári. Hvernig málin þróast er erfitt að sjá í dag.

Opnað var fyrir spurningar íbúa.

Spurt um að laun og launatengt gjöld en þau hafa hækkað talsvert sem skýrist að mestu leyti á nýjum starfsmanni. Svo er gert ráð fyrir afleysingu og einnig auka sumarstarfmanni og allt hækkar það launin.

Spurt um nýjan aðila með soprmálin hvort samningur er svipaður. Kubbur er byrjaður og það eru tölverðar hækkanir.

Spurt var kostnað vegna umhverfisnefndar en það er nefnd sem fylgir meðal annars eftir lögum um náttúru- og umhverfismál og kostaður, sem er mestur þar, er ráðgjafakostnaður.

Spurt um hvort væri ekki styrkur vegna Hengifosshúss vegna varmadælu sem er notuð. Orkusjóður vildi ekki styrkja vegna þess að þetta er ný framkvæmd. Málið verður skoðað betur seinna.

Hefur verið skoðað að hafa Hengifosshúsið sér og setja þetta í B hluta sveitarsjóðs eða jafnvel stofna hlutafélag? Fram koma hjá sveitastjóra að ýmislegt hefur verið rætt svo sem hlutafélag, sameignafélag. Eins og er er núverandi útfærsla hentugust.

Spurt um starfsmann í Hengifosshúsi hvað er reiknað með löngum tíma í afleysingar var talað um 3-4 mánuði. .

Spurt um ákvörðun hvernig húsið verður rekið . Það hefur ekki verið tekin ákvörðun en er beðið eftir hugmyndum og vonandi lagt fyrir sveitastjórn á þessu ári. Ef að verður upplýsingamiðstöð þarf starfsmann þar og hann getur ekki verið bæði úti og inni.

Spurt um Ársalir félag. Það er félag sem á íbúðir sem er að hluta til fyrir aldraða og hreppurinn á í því. Öll sveitarfélögin á Héraði áttu í því. Skuldir í félaginu er talsverðar og hlutur Fljótsdalshreppst 33 milljónir.

17:55 Gert var fundarhlé og snæddar margar kótelettur.

18:50 Skarphéðinn Smári Þórhallsson hjá LOGG kynnti stöðuna í Hamborg. Sagði fyrst aðeins frá staðarvali sem var unnið á sínum tíma og Hamborg var eina svæðið sem fékk næstum fullt hús. Hamborg er miðja sveitarinnar. Er búið að finna vatn og búið að ræða við RARIK eina skilyrði frá landeigendum að nota ekki rotþrær heldur lífrænar hreinsunarstöðvar. Vatn, fráveita sklökkvatn ljósleiðari götur og götustígar og þegar fer að vora verður væntanlega farið að grafa þar sem deiliskipulag er á síðustu metrnum. Einhver lóð of nálægt vegi en sótt var um undanþágu þar sem umferðin er það lítil. Búið að gera drög að skipulagi og sýndi Skarphéðinn Smári það. Er í ferli hjá Innviðaráðuneyti hvort undanþága fæst vegna lóða of nálægt vegi. Borbræður ehf. boruðu fyrir vatninu. Búið að rannsaka vatnið og er það í lagi. Það eru komar fyrirspurnir um lóðir en lóðir sem yrði byrjað á eru 2 parhúsaloðir sem sveitarfélagið myndi byggja og svo selja . En þetta er allt á frumstigi

Verið er að skoða hvort mögulegt væri að finna heitt vatn í Fljótsdal. 90 prósent af heimilun á landinu hita hús með heitu vatni. Verið er að fækka þeim stöðum sem hægt væri að prófa og einskorða þá við þá staði sem einhver möguleiki er fyrir hendi. Mikið af rannsóknum til vegna þess hvað var mikið skoðað kringum virkjunarframkvæmdum. Smári sagði frá skilgreiningu á há og lághitasvæðum og hverngi grunnvatn og uppsprettur eru notaða til að finna hitastig. Sagði frá rannsóknum sem voru gerðar á hita í Laugarfelli á síðustu öld. Gamlar borholur gefa vísbendingar um hvar jarðhita er að finna hægt að mæla þær ef þær hafa ekki hrunið. Alltaf hiti í jörðu en spurning hvort það er hægt að fá nægilegt vatn fyrir ásættanlegan kostnað. Við erum á svæði þar sem er 60-70 gráður á 1000 metra dýpi en svo geta leynst heitari staðir.

Glúmur Björnsson jarðfræðingur talaði um að auðvitað værum við með gamlar eldstöðvar á Austurlandi en auðvitað lághitasvæði og takmarkaðir möguleikar. Sagði frá vinnu á Austurlandi sem er í gangi á vegum HEF með leit að heitu vatni. Jarðhiti á Austurlandi lítið rannsakaður. Fá nýtanleg svæði fáar uppsprettur. Sagði frá 4 holum sem voru boraðar á sínum tíma sem eru í Fljótsdal og mætti ef til vill skoða það svæði betur. Glúmur sagði einnig frá holu sem var boruð á Djúpavogi 1994 en 2007 var búið að staðfesta að væri klárlega jarðhiti til staðar. En ekki nógu heitt. Hafa ekki fundið æð á meira dýpi með meiri hita. Sagði meira frá holum sem eru hér og velti upp hugmyndum hvort og hvað væri hægt að gera en svo sem eingöngu vangaveltur. Frekari rannsóknir þyrftu að fara fram og næstu skref þá að bora fleiri tilraunaholur og framkvæma hitamælingar á þeim holum sem eru fyrir. Við það mætti fá gleggri mynd af hvort og hvar jarðhitasvæði gæti verið í dalnum. Þetta eru allt hlutir sem þyrfti að skoða .

Fundi lauk klukkan 20:00